

Samfélagið – verkefni um matarmenningu.

- 1.** Orri og Ösp stefndu á að fara á Salthúsið og fá sér saltfiskrétt að hætti hússins. Öll byggðarlög státa af matarmenningu sem tengjast þeim afurðum sem finnast í nágrenni þess.
 - a. Notið leitarvélarnar á vefnum til að kynna ykkur matarmenningu í Grindavík.
 - b. Skoðið hvaða hráefni er mest notað úr náttúrunni og hvaða hefðir eru við matreiðslu þess.
 - c. Sendið tölvupóst til veitingastaðar í Grindavík sem hefur sérhæft sig í að elda úr þessu hráefni. Fáðið að kíkja í heimsókn og fylgjast með matreiðslunni.
 - d. Spurjið kokkinn hvort matreiðslan á réttinum hafi breyst í takt við tímann.
 - e. Búið til ykkar eigin nútímalegu uppskrift með hráefninu og eldið fyrir bekkinn ykkar.
- 2.** Undanfarin ár hafa erlendir réttir skotið upp kollinum á matseðli veitingastaða og er það í takt við þá fjölbreyttu menningu sem sjá má á Íslandi í dag. Það eru talsverðar líkur á að einhver í ykkar bekk hafi annan menningarbakgrunn en þið.
 - a. Farið á bæjarskrifstofuna í Grindavík og fáið upplýsingar um frá hvaða landi flestir innflytjendur í bæjarfélaginu eru.
 - b. Leitið af upplýsingum á vefnum hver sé þjóðlegasti réttur þess þjóðfélags og kynnið í bekknum ykkar.
 - c. Undirbúið fjölmeningardag þar sem boðið er upp á þjóðlega rétti.